

Lagt fyrir fund velferðarráðs 24. apríl 2019

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um útvíkkun TINNU verkefnisins – R19030309.

Borgarráð 28. mars 2019.

Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti leiða til að hefja starfsemi Tinna verkefnisins, sem er á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts í fleiri hverfum borgarinnar. Tinna verkefnið hefur hjálpað einstæðum foreldrum til betra lífs og tekist að ná upp virkni einstaklinganna sem farið hafa í gegnum það ferli. Ekki einvörðungu hefur tekist að styrkja sjálfa foreldrana í þátttöku í samfélaginu heldur einnig í umgengi við börnin sín og jafnframt að börnin sjálf öðlast meiri lífsgæði í uppeldi sínu. Verkefnið er einstakt sem sýnir og sannar svo ekki verði um villst að aðstoð sem þessi styrkir ekki bara einstaklingana sem taka þátt í því heldur samfélagið sem heild. Verkefni sem þetta sparar jafnframt opinbert fé þegar til lengri tíma er litið. Tinna er verkefni á vegum velferðasviðs með styrk frá velferðarráðuneytinu og var tekin ákvörðun um að hefja tilraun með Tinnu í Breiðholtinu. Hvetur því Flokkur fólksins borgaryfirvöld til að leita leið á næstu misserum að útvíkka hugmyndafræði Tinnu og koma því á laggirnar í fleiri hverfum borgarinnar og þá í samvinnu við þjónustumiðstöðvar annarra hverfa.

Lagt er til að...

